

Sp. 177. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]
um afnám tóbaksveitinga á vegum ríkisins og opinberra stofnana.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afnema tóbaksveitingar á vegum ríkisins og opinberra stofnana.

Greinargerð.

Hinn 17. maí 1984 samþykkti Alþingi lög um tóbaksvarnir. Lagasetning þessi var mikið nýmæli, en lögunum hefur verið vel tekið og þau hafa skilað góðum árangri. Dregið hefur mjög úr reykingum á almannafæri og færri unglingar reykja nú en áður.

Það er óviðeigandi að ríki eða ríkisstofnanir veiti lengur tóbak á fundum eða í samkvæmum, þótt hér sé ekki lagt til algjört reykingabann.